

B.Í.L.S.

BANDALAG ÍSLENSKRA LEIGUBIFREIÐASTJÓRA

Alþingi
Erindi nr. E 139/435
komudagur 26.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 25.11.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Samkvæmt ofangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir breytingu á 19. og 20. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum, sem leiða mun til 4% hækkunar á almennu bensíngjaldi, sérstöku bensíngjaldi, olíugjaldi og sérstöku kílómetragjaldi. Samtals er um að ræða 750 milljóna króna hækkun á bifreiðaeigendum.

Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra mótmælir harðlega fyrirhuguðum hækkunum. Óhjákvæmilegt er, að hækkunir þessar renni út í verðlagið. Hækkun á ökutaxta leigubifreiða mun þýða skerðingu á ferðafrelsi fólks, sem háð er leigubifreiðum. Í þeim hópi eru margir þeirra, sem standa höllum fæti í samfélaginu um þessar mundir, svo sem fatlaðir, eldri borgararog sjúklingar.

Virðingarfyllst


Ástgeir Þorsteinsson, formaður